

273

14. des.

AUGLÝSING

um hámarksverð.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. desember 1937, sett hámarksverð á manchetskyrtur úr poplin með 2 hálfstífum flíbbum, sem framleiddar eru innanlands.

Sýnishorn af skyrtunum liggja frammi á skrifstofu verðlagsnefndar. Hámarksútsöluverð frá verksmiðju skal vera kr. 10.70 á skyrtu.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

274

18. des.

AUGLÝSING

um innköllun Íslandsbankaseðla.

Hér með eru innkallaðir allir peningaseðlar Íslandsbanka, sem nú eru í umferð. Þessir seðlar eru 5, 10, 50 og 100 króna seðlar, útgáfa 1904, með mynd Christians konungs IX. Ennfremur 5 og 10 króna seðlar, útgáfa 1920, hinir fyrrnefndu með mynd af gjósandi hver, en þeir síðarnefndu með mynd af gjósandi eldfjalli, og loks 100 króna seðlar, gefnir út samkv. auglýsingu í Lögbirtingablaði, 12. árg. nr. 43, dags. 22. sept. 1919, prentaðir á 5 króna eyðublöð landssjóðsseðla.

Skulu allir þessir seðlar ógildir frá 1. júlí 1940, en til þess tíma verða þeir innleystir í Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúum hans.

Þetta er hér með birt almenningi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

275

21. des.

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

1. gr.

Verðlagsnefnd hefir ákveðið að breyta hámarksálagningu þeirri á linoleum, sem ákveðin var í auglýsingu, dagsettri 9. maí 1939, sem birt er í 30. tbl. Lögbirtingablaðsins 1939, þannig að hámarksálagning á linoleum verði framvegis 30%, án tillits til þess hvort það er selt í heilum rúllum eða bútað.